

## Ferðalag Flakkara 194 og fleiri um Danmörku í júní 2004

Af tilefni af fermingu dóttur okkar hennar Dagnýju var ákveðið að fara til Danmerkur síðastliðið sumar og fylgir ferðasagan hér í stuttu máli.

Snemma á nýárinu var farið að ræða ferðatilhögun og varð að ráði að fara með flugi til Kaupmannahafnar og leigja svo húsbíl þar og láta svo kylfu ráða kasti hvað varðaði framhaldið.

Flakkarar 201 ásamt fleirum fóru einnig og enn fremur flakkarar 202 sem fóru með Norrænu og koma þau við sögu síðar.

### **29. maí laugardagur.**

Lagt var af stað frá Akureyri á heimilisbílnum að morgni til laust fyrir kl. 8 og keyrt rակleidis til Keflavíkur. Kristján sá um þann hluta ferðarinnar og keyrði alla leið og fóst það vel úr hendi þrátt fyrir nýlegt ökuprófið.

Þangað voru líka komnir flakkarar 201 ásamt annari fjölskyldu sem slóst í hópinn. Svo var litið í verðslanir í fríhöfninni og krakkarnir okkar keyptu sér myndavélar þar. Svo var flogið til Kastrup í háloftunum og spennandi dagar voru framundan. Við náðum í leigubíl á Kastrup og fengum far á gistiheimili á Amager þar sem við sváfum fyrstu nóttina hjá íslenskri konu. Þessi kona heitir Vilborg og aðstaðan hjá henni var með ágætum.

### **30. maí sunnudagur hvítasunnudagur.**

Morguninn eftir fórum sum okkar með lest til að sækja húsbíla en þá fengum við hjá herra Neergaard en hann er með fjöldann af húsbílum til leigu og sölu auk þess stóra útilífsbúð en hana gátum við ekki skoðað að sinni enda sunnudagur og allt lokað. Hann er staðsettur þar sem heitir Hedehusene en það er um 20 km frá miðborginni.

Þarna tókum við Valdi tvo húsbíla svona til að byrja með. Bíla fengum við fyrir eitt orð enda var íslenska ferðaskrifstofan hans Fylkis á Ísafirði búinn að undirbúa jarðveginn þar svo okkur var tekið fagnandi. Reyndar fengum við ekki þá bíla sem við báðum um en þeir voru ekki til reiðu. Við fengum stærri bíla en það gerði ekkert til og verðið var það sama og fyrir þá minni. Við ókum því næst á tjaldstæði nálægt miðri Kaupmannahöfn sem heitir Absalon og skildum húsbíla eftir þar og fórum svo í bæinn með strætó en flest af fólkinu hafði farið beint á Ráðhústorgið og beið okkar þar. Svo var labbað eftir strikinu og litið á mannlífið. Inn á veitingahús og fengið sér í svanginn.

Eftir nokkra göngu á strikinu skildu leiðir en við Dundi þurftum að sækja þriðja bílinn alla leið til Vejle en þangað fórum við með lest en það er vel á þriðja tíma ferð enda farið til Jótlands. Þar hafði Bjarni Flakkari no 134 gert hans bíl kláran og með sængurfötum fyrir allt liðið. Svo ókum við í loftköstum til baka eftir hraðbrautunum og komum á tjaldstæðið í Köben seint um kvöldið þar sem fólkið okkar var. Urðu þar fagnaðarfundir eins og að líkum lætur.

\*\*\*\*\*

### **31 maí mánudagur annar í hvítasunnu.**

Daginn eftir var farið í Tívolí, hvað annað. (Skilyrði fyrir ferðinni sagði Kristján) Það var skemmtilegur dagur enda veðrið með afbrigðum gott, sól og sæla. Krakkarnir fengu "túrband" svo þau gátu farið í öll tæki sem þau vildu. Við slökuðum á í sólinni allan daginn og nutum lífsins ekki síður en þau. Í Tívolí er fallett og rússíbanarnir ægilegir, (eða það fannst okkur)  
Svo fórum við með lestinni að tjaldstæðinu þar sem bílarnir okkar voru. Snæddur hamborgari á Mc Donards á leiðinni. Slakað á í kvöld.

\*\*\*\*\*

### **1. júní þriðjudagur.**

Daginn eftir var farið af stað út úr Köben og stefnan tekin suður eftir Sjálandi og stefnt á Bon-Bon Land sem er leikjagarður líkur Tívolí. Þangað komumst við áfallalaust og vorum komin um hádegjið. Leiktæki við allra hæfi í Bon-bon landi. Við hjónin fórum meira að segja í rafting en krakkarnir prufuðu þar flest sem hægt var að fara í.

Að loknum góðum degi í leikjagarðinum fórum við í verslunarmiðstöð í Næstved til að fylla á bílana en ekki hafði gefist kostur á því hingað til og ísskáparnir næsta tómir.

Svo var farið að huga að næturstað og farið suður að ströndinni. Á fyrra stæðinu sem við komum að (Hvide svanen eða eitthvað svoliðis) var enginn viðlátinn enda klukkan orðin meira en sex síðdegis en það þýðir að mörg af tjaldstæðunum hafa lokað og ekkert samband næst við umsjónarmenn. Við fórum því á næsta stað niður við sjóinn og þar var okkur vel tekið og gistum við þar í bílunum í fallettu umhverfi innan um tré og hjólhýsi. Þar heitir Karrebæksminde

\*\*\*\*\*

### **2. júní miðvikudagur.**

Daginn eftir var svo stefnan tekin í átt að Jótlandi. Keyrt var eftir sunnanverðu Sjálandi gegnum þorpið Korsør og farið svo rakleiðis yfir Stórabeltisbrúna. ....og þvert yfir Fjón með smá útúrdúr um græna leið, en grænu leiðirnar eru merktar sem slíkar bæði á kortum og vegvísunum og eru það hinar fallettri leiðir í Danmörku. Áð var á fallettum stað vestast á Fjóni.

Svo var farið yfir Litlabeltið á gömlu brúnni svona til gamans en það var lífsreynsla út af fyrir sig því brúin var gömul og þröng og æpandi járnbrautarlest við bílgluggann þegar minnst varði. Svo var farið í gegnum Kolding og aðeins niður með ströndinni og sest að í fallettu tjaldstæði sem heitir Stensager strand.

Þar bættust í hópinn flakkarar F 202 og önnur íslensk fjölskylda þeim tengd, en þau höfðu komið með Norrænu fyrir nokkru. Svo nú vorum við 5 fjölskyldur frá Íslandi í samfloti.

\*\*\*\*\*

### 3. júní fimmtudagur

Þarna var slakað á í einn dag og dvalið aðra nótt enda var veðrið afbragðsgott, sól og blíða hitinn 25 stig. Eða eins og konan í afgangslunni sagði “ a day without clouds, and clothes” Sumir voru hvíldinni fegnir enda ferðalagið nokkuð stíft svona framanaf. Aðeins var litið á ströndina og þorstinn slökktur á strandkránni meðan börnin busluðu í flæðarmálinu. Líka var farið í göngutúra um nágrennið og Danskir sögustaðir skoðaðir m. a. minnismerki um dönsku andspyrnuhreyfinguna o.fl. Þarna var fámennt og áttum við því allan staðinn út af fyrir okkur eða næstum því.

\*\*\*\*\*

### 4 júní föstudagur.

Eftir frábæra dvöl var svo stefnan tekin suður á bóginn að landamærunum og farið yfir þau til Flensborgar nyrst í Þýskalandi. Þar litum við inn í húsbílabúð Immlerplane, minnir mig að hún heiti og keypt eitt og annað tilheyrandi húsbílaferðalögum, en þar er verðlag mjög hagstætt. Keyptum m.a. nýtt gasgrill sem okkur hafði lengi langað í og fleira dót til ferðalaga á mjög hagstæðu verði. Í bakaleiðinni komum við í landamlærabúðir og slepptum alveg fram af okkur beislinu þegar nammi og annar tollfrjáls varningur var annars vegar. (Nefndi einhver bjór á nafn?)

Í Þýskalandi er auvelt að villast a.m.k. þegar ekkert kort er við hendina en Dundí vísaði veginn og við komumst klakklaut norður yfir landamærin aftur, en Danmerkurmeigin eru vegmerkingar allar miklu betri og auðveldara að rata. (Það er bara skemmtilegt að villast aðeins og vita ekkert hvar maður er staddur og rata ekki neitt.) , en þetta var nú bara útúrdúr.

Svo var gist á tjaldstæði í Tønder í félagi við innfædda slökkviliðsmenn og knipplingakonur sem þar söfnuðust saman þessa helgi.

\*\*\*\*\*

### 5. júní laugardag.

Sól í allan dag. Fórum í göngugötuna í Tønder og litum á mannlífið. Komum við í gamla apótekinu en þar fæst nú eitt og annað smávegis sem gaman er að sjá.

Hér skildu svo leiðir. Við héldum okkar leið einsömum og fórum hægar yfir. Litum við í landamæraþorpi sem heitir Rudbøl og fórum svo vestur að ströndinni þar sem heitir Højer og skoðuðum þar gamla vindmyllu í krók og kring.

Svo var haldið norður á bóginn og skoðaðar gamlar kastalarústir frá 1587 eða svo og svo lá leiðin um græna vegi og fallega, norður eftir og áð á tjaldstæði í Skærbæk innan um geitur og annað fiðurfé. Þar fengum við okkur að borða en við höfðum keypt gott í matinn í landamærabúðinni og áttum sitthvað í ísskápnunum.

Ferðafélagar okkar þeystu eitthvað norður í land til að hitta skyldfólk og vorum við því ein á róli þessa dagana.

\*\*\*\*\*

## 6 júní sunnudagur.

Yfirgáfum Skærbæk og héldum norður um græna sveitavegi og skoðuðum danskt landslag.

Höfðum samband við Flakkara 202 en þau voru á leið norður yfir Hvídesand og við náðum þeim í þorpi syðst á sandinum sem heitir Nymindegab. Þar var áð um stund og notið veðurblíðunnar.

Svo var haldið í þeirra félagsskap norður yfir sandinn. Þar skiptir um landslag, skógurinn víkur fyrir sandöldum og landslagið líkist meira gamla góða Íslandi svona á köflum.

Við litum aðeins niður á ströndina en þar var nokkur gola og ekki gaman að stoppa lengi. Við litum hins vegar inn í gamalt minjasafn sem þarna er á miðju sandrifinu og heitir Aberdin gaard, en þar segir af ekkju sem þar lifði á árum áður, ásamt fimm dætrum en það er önnur saga. Mjög gaman að líta þar við.

Svo urðum við samferða F 202 norður yfir sandinn framhjá Ringköbing og gistum á tjaldstæði í Österby hjá ágætri kerlingu sem kunni svo sannarlega að elda góðan mat og nutum við góðs af því.

\*\*\*\*\*

## 7. júní mánudagur.

Lögðum af stað norður á bóginn og litum við í kirkjugarði sem við áttum leið hjá. Innfæddir vanda mjög til kirkjugarða og eru þeir margir hreinustu listaverk og er gróðri sérlega vel við haldið og umhirða öll til fyrirmyndar.

Stefnan var svo tekin á Hostelbro og við keyrðum beint inn í miðbæinn og tókum einn hring á flísalögðu torginu þar. Við ætluðum að líta í búðir þar í miðbænum en þar brast á því lík hellirigning að við hrökkluðumst í verslunarmiðstöð í úthverfinu sem heitir Bilka. Þar dvöldum við dagpart meðan ringningin gekk yfir.

Síminn hringdi og flakkarar 201 stefndu okkur á tjaldstæði norður við Limafjörðinn sem heitir Hjarbæk. Þar vorum við svo saman komin á ný, fjórar íslenskar fjölskyldur á tjaldstæðinu.

\*\*\*\*\*

## 8. júní Þriðjudagur.

Flakkarar 202 tóku nú stefnuna norður á bóginn enda farið að stytast í brottför þeirra með Norrænu frá Hanstholm.

Við hin fórum því næst að skoða kalkhellana í Mönsted en það eru manngerðir hellar frá því kalk var unnið úr iðrum jarðar. Þar var gaman að koma en þar geyma innfæddir m.a. osta til að láta þá þroskast, enda skilyrði til þess með ágætum.

Þaðan var svo stefnan tekin í austur og þeyst framhjá Viborg en áð í vinabæ okkar Akureyringa Randers. Kannski bara til að velja næsta jólatré eða þannig.

Eftir nokkurt stopp í miðbænum og smá búðarlall var svo enn haldið lengra austur á bóginn enda degi farið að halla. Stefnt var á tjaldstæði norður við ströndina sem heitir Hegedal. Þar áttum við notalegt kvöld með góðum ferðafélögum.

\*\*\*\*\*

### **9. júní miðvikudagur.**

Daginn eftir var farið í bæ sem er austast á ströndinni og heitir Grenaa. Þar skoðuðum við Kattegatcentred sem er sædýrasafn með öllum mögulegum lífverum úr sjónum. Þar dvöldum við góða stund og leyfðum börnunum að njóta þess sem safnið hafði upp á að bjóða.

Eftir stutt stopp í miðbænum var stefnan tekin suður á bóginn. Ekin var græn leið og Ebeltoft var áfangastaðurinn. Við fórum framhjá Ebeltoft dýragarðinum en ekki stoppuðum við í þetta sinn þar, enda verður eitthvað að vera eftir næst þegar við eigum leið hjá.

Svo var stoppað í bænum Ebeltoft og athygli vakti gömul freigáta sem þar er til sýnis. Skipið heitir eftir Jótlandi – eða Jylland og er hið merkasta safn.

Svo var aldeilis slegið í farskjótana og stefnan tekin á Silkeborg. Ekki var þó farið alla leið en tekinn næturstaður í nálægu þorpi sem heitir Ry. Tjaldstæðið hét Holmens og var ágætt en mikið bitmý var á svæðinu ásamt allskonar pöddum og bjöllum og ekki allir hrifnir.

\*\*\*\*\*

### **10. júní fimmtudagur.**

Daginn eftir var svo farið til Silkeborgar en spölur einn var eftir þangað.

Þar var farið beint á tjaldstæði og gengið frá bílunum því hér skyldi stoppað. Svo var labbað í miðbæinn og götulífið skoðað. Stoppað á torginu og sötraðar veigar – allskonar. Þarna eyddum við heilum degi í borginni og nutum lífsins.

\*\*\*\*\*

### **11. júní föstudagur.**

Daginn eftir vorum við heldur seinni fyrir en venjulega en ástæðan fyrir því var hressilegt þrumuveður með tilheyrandi steypiregni en þessu erum við ekki vön.

Biðum við því af okkur versta veðrið áður en haldið var af stað. Ætlunin var að skoða glerverksmiðju í nágrannaþorpinu en þegar þangað kom var sjeffinn ekki heima og ekkert um að vera á staðnum. Snerum við því við og fórum til baka aftur og litum öðru sinni í miðbæinn og litum á menninguna.

Dundi og fjölskylda héldu nú sína leið en við Valdi og fjölskylda héldum saman á vit nýrra ævintýra.

Eftir rangalavegi í dönskum skógi rötuðum við á “fjallið” Við virtum fyrir okkur útsýnið sem er bara dágott á íslenskan mælikvarða og spókuðum okkur í góða veðrinu.

Fengum okkur ís og fleira í fjallasjoppunni. Reyndar átti ég nú bágt með að skilja hvernig danskir túristaforkólfar geta boðið upp á bátsferðir á Himmelbjargið. En allt er nú hægt þegar viljinn er fyrir hendi en þetta áttaði ég mig á þegar upp var komið.

Svo var haldið suður á bóginn og leitað næturstaðar í Kolding. Vorum við þar ein á stæði en ferðafélagarnir fóru eitthvað lengra þar sem við höfðum gist áður. Við gistum á tjaldstæðinu í Kolding og var það hin versta nótt. Um lágnættið vakti Dagný okkur og sagði einhvern standa við bílinn og reykja inn um gluggann. Ég spratt frammúr og athugaði hverju þetta sætti en þegar út var komið sá ég að reykur lá yfir öllu tjaldstæðinu og vart líft fyrir ólofti. Við þetta varð að búa um nóttina. Var þetta hin versta pest. Morguninn eftir kvartaði ég yfir þessu við vörðinn og kom hann af fjöllum en gaf mér þó helmingsafslátt af gistigjaldinu.

\*\*\*\*\*

## 12. júní laugardagur

Í dag fórum við í eina stærstu verslunarmiðstöð í Danmörku við Kolding. Þarna voru flakkarar 201 komnir ásamt fleira skyldfólki sem komið höfðu alla leið frá Íslandi. Fórum svo norður á við og stoppuðum á skemmtilegu tjaldstæði þar sem heitir Riis. Þarna var gott að vera og var þetta hin besta afslöppun í hópi innfæddra en nú var helgi og danskurinn í frii og margt um manninn. Eftir nokkra öllara var danskan ekkert vandamál og samskiptin við innfædda með ágætum. Sólin skein og veðrið var gott.

\*\*\*\*\*

## 13. júní sunnudagur

Dagurinn byrjaði með ágætis verði. Fórum í Givskud dýragarðinn sem er einn flottasti í Danaveldi. Keyrðum þar í gegn á bílunum innan um öll villidýrin. Svo voru þau Dundi og Magga komin þangað líka svo Íslendingunum fjölgaði enn á ný í hópnum. Eftir að hafa skoðað dýrin í garðinum og notið útiverunnar lengi dags fórum við einsömul græna leið í átt til Vejle og áðum á tjaldstæðinu þar eftir máltíð á veitingahúsi í miðbænum. Stoppað í miðbænum í Vejle til að fá sér í svanginn hinu megin við hornið. Svo á tjaldstæðinu í Vejle ásamt einhverjum ókunnugum ferðalöngum.

\*\*\*\*\*

## 14. júní mánudagur

Gott veður og sólarlaust. Vorum í Vejle fram eftir degi og litum í búðir þar. Ýmislegt var þar keypt og var mannskapurinn í góðu stuði enda ferðalagið tekist ljómandi vel hingað til. Svo var brennt til baka heim til Bjarna og Bryndísar í Billund og þar hittist svo allur hópurinn á ný. Í tilefni af vel heppnaðri ferð var ákveðið að fara saman út að borða. Í nágrannaþorpinu er veitingahús og allir þangað. Svo var setið fram eftir í bílunum og spjallað. Nú var farið að gola stíft og var varla hægt að vera útivið fyrir голу og regni. Inni í bílunum var hlýtt og notalegt svo vel fór um alla ferðalanga.

\*\*\*\*\*

## 15. júní þriðjudagur

### ***Legoland í dag.***

Tæplega fannst mér áhugavert svona fyrirfram að fara í legokubbaleikfangagarð, en ég gat auðvitað ekki skorast undan og sé ekki eftir því. Þarna verða allir að börnum aftur á hvaða aldri sem þeir eru. Allt mögulegt er þar í boði sem hentar leikjum bæði að fornu og nýju. Falleg dótasöfn og gullmolar frá liðinni tíð. Leiktæki eru af ýmsum toga við allra hæfi og við hjónin reyndum ýmislegt af þessu sem ekki var svo sem neitt ógnvekjandi. Segja má að þetta hafi verið eitt af því skemmtilegasta sem uppúr stóð á ferðalaginu okkar.

Að loknum skemmtilegum degi í Legolandí fórum við aftur heim til Bjarna og Bryndísar og byrjuðum að undirbúa heimförina daginn eftir.

\*\*\*\*\*

## **16.júní miðvikudagur**

Vöknuðum í gjósti og hryssingi. Lukum við að þrifa bílana og pakka dótinu því nú var heimferðin í dag. Dundi skilaði sínum bíl í Vejle og tók síðan lestina til Köben. Við Valdi og fjölskyldur slógum í fákana og þeystum á hraðbrautunum þvert yfir Danmörku og náðum að skila bílunum hjá honum Neergaard í Hedehusene á tilskildum tíma. Svo fengum við okkur stóran taxa sem flutti okkur í loftköstum á Kastrup flughöfn þar sem hitt fólkíð var þegar komið eftir lestarferðina. Endaði svo þetta frábæra ferðalag í Danmörku með glæsibrag enda stóð ekki annað til. Vil ég þakka ferðafélögum okkar öllum sem kunna að lesa þessar línur fyrir frábæra skemmtun og samfylgd í okkar fyrsta húsbílaferðalagi á erlendri grund.

Flakkarar 194.